

Reykjavík, 7. nóvember 2012

**Nefndarsvið Alþingis  
Bt. Alsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

***Alþingi  
Erindi nr. P 141/415  
komudagur 7.11.2012***

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

Þingskjal 197 — 194. mál.

Frumvarp til laga

um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu.

*(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)*

Blaðamannafélag Íslands ítrekar fyrri athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur nú fyrir og áréttar þau sjónarmið sem fram koma í umsögn félagsins dags. 11. maí 2012. Jafnframt er bent á eftirfarandi meginþætti:

Það er skoðun Blaðamannafélags Íslands að Ríkisútvarpið sé betur fært að sinna lögbundnu öryggis- og almannapáguhlutverki sínu ef umsvif þess á auglýsingamarkaði séu afnumin eða settar mjög þröngar skorður, sbr. athugun sem félagið hefur látið gera á fyrirkomulagi fjármögnunar almannaútvarps í nágrannalöndunum.


Blaðamannafélag Íslands hefur í ævinlega gert athugasemdir við að Ríkisútvarpið starfi óhindrað á auglýsingamarkaði og styðst þar meðal annars við álitserð Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008. Það er skoðun félagsins að þátttaka Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði skekki markaðsstöðu og dragi úr getu annara fjölmiðla til að reka starfsemi sína. Að endingu hafði það neikvæð áhrif á starfsskilyrði einkarekinna fjölmiðla og getu þeirra til að sinna hlutverki sínu í eðlilegri samkeppni við almannaútvarp.

Félagið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á seinni stigum málsins. Þá óska fulltrúar félagsins eftir að fá að koma fyrir nefndina og gera grein fyrir afstöðu félagsins við frekari umfjöllun um frumvarpið hjá nefndinni.

Virðingarfyllst,

f.h. BÍ

Hjálmar Jónsson formaður BÍ  
og Sigurður Már Jónsson varaformaður BÍ.



Nefndarsvið Alþingis  
Bt. Alsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2012

## Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

*Frumvarp til laga*

*um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.*

*(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)*

Blaðamannafélag Íslands vill fá að koma nokkrum athugasemdum að við þetta frumvarp.

Í upphafi er gerð sú almenna athugasemd að reynt sé að afmarka sem best starfsemi Ríkisútvarpsins sem fjölmiðils í almannabágu þannig að stofnunin skarist sem minnst við einkarekna fjölmiðla. Sú afmörkun ætti í senn að miðast við að auka fjölbreytni fjölmiðlunar á Íslandi og tryggja að yfirburðastaða Ríkisútvarpsins trufla ekki rekstrarskilyrði einkarekinna miðla.

Það er skoðun Blaðamannafélags Íslands að Ríkisútvarpið sé betur fært að sinna lögbundnu öryggis- og almannabáguhlutverki sínu ef umsvif þess á auglýsingamarkaði eru takmörkuð. Það segir sig sjálft að tilkynningar um vá og aðsteðjandi hættu fá aukna athygli ef dagskráin er ekki full af auglýsingum fyrir.

## Varðandi 7. grein:

Blaðamannafélag Íslands hefur áður gert alvarlegar athugasemdir við að Ríkisútvarpið starfi yfir höfuð á auglýsingamarkaði og styðst þar meðal annars við álitserðir Samkeppniseftirlitsins og ítarlega skýrslu sem félagið lét vinna á aðstæðum í öllum helstu nágrannalöndum okkar, þar sem það er nánast óþekkt að ríkisfjölmiðlar kostaðir af almannafélagi hafi eitthvert hlutverk á auglýsingamarkaði. Það liggur í hlutarins eðli að það fer ekki saman að hafa aðgang að skattfé landsmanna og vera í samkeppni á auglýsingamarkaði. Það er því skoðun félagsins að þátttaka Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði skekki markaðsstöðu og dragi úr getu annara fjölmiðla til að reka starfsemi sína. Það þrengi að öðrum fjölmiðlum í landinu sem þurfa að reka sig á grundvelli afnotagjalda og auglýsingatekna. Að endingu hefði það neikvæð áhrif á starfsskilyrði blaðamanna og getu þeirra til að flytja fréttir

Varðandi fyrstu málsgrein 7. greinar, þar sem segir: „Auglýsingar skulu skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni Ríkisútvarpsins og gæta skal hófsemi í birtingu.” Um hana er það að segja að mikill misbrestur hefur orðið á að Ríkisútvarpið afmarki auglýsingar frá dagskrárefni og er

nú nauðsynlegt að búa svo um hnútanna að það verði. Þannig ætti ekki að vera hægt að rjúfa dagskrá til að koma að auglýsingum eins og vikið er að í annari málsgrein. Slíkt ætti að vera með öllu óheimilt.

Ef nauðsynlegt er talið að hafa Ríkisútvarpið á auglýsingamarkaði ættu auglýsingar þar að takmarkast við að vera ljósvakauglýsingar. Allar aðrar auglýsingar, svo sem skjáauglýsingar eða kostunarsamningar, ættu með öllu að vera utan verkssviðs Ríkisútvarpsins með sína tryggu tekjustofna. Sömuleiðis ættu afsláttarkjör að vera hófleg og gegnsæ en því hefur ekki verið að heilsa til þessa.

Blaðamannafélag Íslands fagnar því að horfið virðist vera frá því að heimila Ríkisútvarpinu að selja auglýsingar á netinu.

Að lokum um þessa grein frumvarpsins, þá vill Blaðamannafélag Íslands minna á að Samkeppniseftirlitið hefur sagt að háttsemi RÚV hafir leitt til alvarlegrar takmörkunar á samkeppni, sbr. álit nr. 4/2008. Brýnt er að hafa það til hliðsjónar.

## Varðandi 12. grein:

Þar er kveðið á um réttindi og skyldur starfsmanna fréttastofu og dagskrárgerðarmanna. Af gefnu tilefni vill Blaðamannafélag Íslands áréttta að starfsmenn RÚV hafi frelsi til að velja sér stéttarfélag og að tryggt verði að yfirstjórn Ríkisútvarpsins standi ekki í vegi fyrir vilja starfsmanna í þeim efnum með skrifræði og útúrsnúningum.

Um leið fagnar félagið því ef skerpt er á því að málefnalegar ástæður ríki fyrir brottrekstri starfsmanna enda nauðsynlegt að tryggja sem best starfsöryggi blaðamanna.

Félagið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á seinni stigum málsins. Þá óska fulltrúar félagsins eftir að fá að koma fyrir nefndina og gera grein fyrir afstöðu félagsins við frekari umfjöllun um frumvarpið hjá nefndinni.

Virðingarfyllst,

f.h BÍ

Hjálmar Jónsson formaður BÍ

og Sigurður Már Jónsson varaformaður BÍ.

